

1990 nr. 38 15. maí

Lög um stjórn fiskveiða

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðheimildum.

■ **2. gr.** Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

□ Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjörubordi að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

■ **3. gr.** Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafnarfossknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn.

□ Leyfður heildarafla botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildarafla fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðíársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda, ...¹⁾ Heildarafla annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

¹⁾ L. 105/1996, 1. gr.

II. kafli. Veiðileyfi og aflamark.

■ **4. gr.** Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn.

□ ...¹⁾

¹⁾ L. 79/1997, 21. gr.

■ **5. gr.** Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma til greina þau skip ein sem veiðileyfi fengu skv. 4. og 10. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða, og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri. Enn fremur bátar undir 6 brl. enda hafi beiðni um skráningu þeirra á skipaskrá [Siglingastofnunar Íslands]¹⁾ eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum borist ásamt fullnægjandi gögnum innan mánaðar frá gildistöku laga þessara. Auk þess skal gefinn kostur á veiðileyfi fyrir nýja báta undir 6 brl. enda hafi smíði þeirra hafist fyrir gildistöku laganna og haffærisskírteini verið gefið út innan þriggja mánaða frá þeim tíma.

□ [Heimilt er að flytja veiðileyfi, skv. 1. mgr., til annars jafnstórs skips, miðað við rúmtölù, enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Þá er og heimilt að sameina veiðileyfi tveggja eða fleiri skipa eða skipta veiðileyfi eins skips til tveggja eða fleiri skipa, enda sé rúmtala þess eða samtala rúmtalna þeirra skipa, sem veiðileyfi fá, ekki hærrí en rúmtala þess eða þeirra sem veiðileyfi láta. Aðeins er þó heimilt að flytja veiðileyfi frá báti, sem hefur leyfi til línu- og færaveiða, sbr. 6. gr., til báts sem er helmingi minni að rúmtölù en sá bátur sem veiðileyfi lætur. Hafi báтур verið

dæmdur óbætandi vegna sjótjóns má þrátt fyrir 3. málsl. þessarar málsgreinar flytja veiðileyfi þess báts til annars jafnstórs báts miðað við rúmtölù.

□ Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að flytja leyfi skips til veiða með aflamarki til annars skips sem er allt að 100 rúmmetrum stærra, að viðbættum 25%, en þó aldrei meira en 60% stærra en það skip sem veiðileyfi lætur. Sé skip stækkað með endurnýjun skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar eða því breytt skv. 2. málsl. 4. mgr. verður það ekki stækkað með endurnýjun fyrr en a.m.k. sjö ár eru liðin frá því að endurnýjunin eða breytingin átti sér stað. Heimild til að flytja veiðileyfi á skip, sem er stærra en skip það er veiðileyfi lætur, á aðeins við þegar eitt skip kemur í stað eins eða fleiri skipa og takmarkast við stærsta skipið af þeim sem veiðileyfi láta.

□ Óheimilt er að gera breytingar á skipi sem hefur leyfi til veiða með aflamarki þannig að rúmtala þess aukist nema flutt sé veiðileyfi af öðru skipi eða skipum sem eru jafnstor að rúmtölù og sem stækkuninni nemur. Þó er heimilt að breyta skipi sem hefur leyfi til veiða með aflamarki þannig að rúmtala þess aukist, hafi slískar breytingar ekki verið gerðar á síðstu sjö árum eða skipið stækkað með endurnýjun skv. 3. mgr., enda aukist hún ekki um meira en 100 rúmmetra að viðbættum 25% en þó aldrei meira en 60%.

□ Óheimilt er að gera breytingar á báti sem hefur leyfi til línu- og færaveiða, sbr. 6. gr., nema flutt sé veiðileyfi af öðrum báti sem er helmingi stærri að rúmtölù en sem stækkuninni nemur. Slíkum báti má þó aldrei breyta svo að hann verði stærri en sex brúttótonn.

□ Rúmmetrar sem ekki nýtast við flutning veiðileyfa milli skipa eða vegna stækkanala falla niður.

□ Ráðherra skal setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa og skal þar meðal annars kveðið á um hvernig rúmtala skips skuli reiknuð.²⁾

¹⁾ L. 7/1996, 20. gr. ²⁾ L. 133/1997, 1. gr.

■ **6. gr.** [Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum eða á þorskaflahámarki, krókabátar, skulu frá og með fiskveiðíárinu sem hefst 1. september 1996 stunda veiðar [samkvæmt þessari grein].¹⁾ Pessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum og línu, eða einungis með handfærum, sbr. 6. mgr. þessarar greinar. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, og til hrognkelsaveiða í net.

□ Krókabátum gefst frá og með fiskveiðíári því sem hefst 1. september 1996 kostur á að velja á milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4.–5. mgr. og þess að stunda veiðar í tiltekinni fjölda sóknardaga eftir annarri hvorri þeirra aðferða sem náar er lýst í 6.–10. mgr. Eigandi krókabáts skal tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 1. júlí 1996. Innan sama frests getur eigandi krókabáts komið fram athugasemdum við Fiskistofu um útreikning á þorskaflahámarki. Velji eigandi krókabáts ekki fyrir tilskilinn tíma skal báтур stunda veiðar á þorskaflahámarki. Sætti eigandi sig ekki við úrskurð Fiskistofu um þorskaflahámark getur hann, innan mánaðartíma frá því að úrskurður liggar fyrir, skotið málínun til sérstakrar kærunefndar sem ráðherra skipar. Skal hún skipuð þremur mönnum og skal formaður hennar fullnægja skilyrðum til að vera skipaður héraðsdómari. Úrskurðir kærunefndar eru fullnaðar úrskurðir innan stjórnkerfisins.

□ [Heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta skal frá og með fiskveiðíárinu 1997/1998 vera 13,75% af ákvörðuðum

heildarporskafla hvers fiskveiðíárs en þó ekki lægri en 21.180 lestir, miðað við óslægðan fisk.]¹⁾

□ Porskaflahámark þeirra báta sem þann kost velja skal á hverju fiskveiðíári vera sama hlutfall af heildarporskaflaviðmiðun fyrir krókabáta og nam hlutfalli hvers báts í 21.000 lestum, miðað við reiknað porskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995.

□ [Heimilt er að framselja varanlega þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Innan hvers fiskveiðíárs er heimilt að flytja allt að 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki.]¹⁾ Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá einu fiskveiðíári yfir á það næsta. Enn fremur er heimilt að flytja til krókabáts á þorskaflahámarki, innan hvers fiskveiðíárs, úthlutað aflamark í þorski skv. 7. gr., um þann flutning gilda almennar reglur um flutning aflamarks. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrir en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn. [Heimilt er að veita báti, sem leyfi hefur fengið til veiða með tilteknunum fjölda sóknardaga, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4.–5. mgr. þess í stað, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá áfram hluti sameiginlegs hámarksþorskafla báta sem stunda veiðar skv. 6.–10. mgr.]¹⁾

□ Bátum sem velja sóknardaga gefst kostur á að velja um að stunda veiðar með handfærum og línu skv. 7.–8. mgr. þessarar greinar eða einungis með handfærum skv. 9.–10. mgr. þessarar greinar. [Sóknardagur telst vera allt að 24 klukkustundir frá upphafi veiðiferðar. Veiðiferð telst lokið þegar báтур landar afta. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr., sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háffiskum, séu utan sóknardaga.]¹⁾

□ Sameiginlegur hámarksþorskafla þeirra báta er velja að stunda veiðar með handfærum og línu skal á hverju fiskveiðíári vera sama hlutfall af heildarporskaflaviðmiðun fyrir krókabáta og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark, skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Á fiskveiðíárinu sem hefst 1. september 1996 skulu sóknardagar þessara báta vera 84, miðað við veiðar með handfærum. Ef báтур rær með línu skal margfalda fjölda nýtra daga með tölunni 1,9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september, en með tölunni 1,35 á öðrum tíma. Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 500 krókar séu á línu í hverjum bala.

□ Fjöldi sóknardaga þeirra báta er þennan kost velja er ákveðinn fyrir hvert fiskveiðíár, í fyrsta sinn fyrir fiskveiðíárið sem hefst 1. september [1998],¹⁾ með því að reikna [meðalþorskafla]¹⁾ á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðíárs og deila þeirri tölu í [hámarksþorskafla]¹⁾ þeirra á fiskveiðíárinu. Sóknardögum skal fækka eða fjölgja um heilda daga og er broti sleppt.

□ Sameiginlegur hámarksþorskafla þeirra báta er velja að stunda veiðar með handfærum eingöngu skal á hverju fiskveiðíári vera sama hlutfall af heildarporskaflaviðmiðun fyrir krókabáta og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga

nr. 83/1995. Á fiskveiðíárinu sem hefst 1. september 1996 skulu sóknardagar þessara báta vera 84.

□ Fjöldi sóknardaga þeirra báta er þennan kost velja er ákveðinn fyrir hvert fiskveiðíár, í fyrsta sinn fyrir fiskveiðíárið sem hefst 1. september [1998],¹⁾ með því að reikna [meðalþorskafla]¹⁾ á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðíárs og deila þeirri tölu í [hámarksþorskafla]¹⁾ þeirra á fiskveiðíárinu. Sóknardögum skal fækka eða fjölgja um heila daga og er broti sleppt.]²⁾

¹⁾ L. 144/1997, 1. gr. ²⁾ L. 105/1996, 3. gr.

■ [6. gr. a.] Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirkni búnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

□ Ráðherra er heimilt að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks eða þorskaflahámarks og veiðidagar ekki til sóknardaga, enda sé aflinn einungis fénýttur til að standa straum af kostnaði við mótmahaldid.]¹⁾

¹⁾ L. 105/1996, 4. gr.

■ [7. gr.] Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálsar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri, veiðítíma og reglum settum skv. 2. mgr. 4. gr.

□ Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafla er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára, sbr. þó 4. málsl. þessarar málsgreinar.

□ [Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeilda skal draga eftirtalinn afla frá:

1. Áætlaðan afla báta er stunda veiðar með línu og handfærum skv. 1.–6. mgr. 6. gr.

2. ...¹⁾

3. Aflaheimildir sem nota skal til jöfnunar, sbr. 9. gr.]²⁾

□ Aflamark skips á hverju veiðítímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., sbr. þó ákvæði 9. gr. Skal [Fiskistofa]³⁾ senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um aflamark þess í upphafi veiðítímabils eða vertíðar.

¹⁾ L. 105/1996, 5. gr. ²⁾ L. 87/1994, 3. gr. ³⁾ L. 36/1992, 6. gr.

■ [8. gr.] Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðítímabila.

□ Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Getur hann við þá ákvörðun tekið mið af fyrri veiðum, stærð eða gerð skips. Getur ráðherra bundið úthlutun samkvæmt þessari málsgreinum því skilyrði að skip afsali sér heimildum til veiða á öðrum tegundum.

■ [9. gr.] [Á hverju fiskveiðíári skulu aflaheimildir af botnfiski, er nema 12.000 þorskígildum í leustum talið, vera til ráðstöfunar til að mæta áföllum sem fyrirsjánleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. Skal þessum aflaheimildum skipti milli botnfisktegunda í hlutfalli við leyfðan heildarafla af einstökum tegundum og verðmætahlutföll sem ráðherra ákveður.

□ Skal ráðherra árlega ákveða með reglugerð ráðstöfun þessara heimilda þannig að þær nýtist útgerðum þeirra skipa sem fyrir mestri skerðingu hafa orðið.

□ Sé aflaheimildum ekki ráðstafað til uppbóta samkvæmt þessari grein bætast þær við heildaraflamark viðkomandi tegunda og koma til úthlutunar í samræmi við aflahlutdeild einstakra skipa.¹⁾

¹⁾ L. 87/1994, 4. gr.

■ **10. gr.** Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni botnfisktegund allt að 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram úthlutað aflamark af þorski.

□ Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 12. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

□ [Heimilt er að flytja allt að 20% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafsþækju, humars og síldar, [10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju]¹⁾ frá einu fiskveiðíári yfir á það næsta.]²⁾

□ [Pá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, síldar og úthafsþækju og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju og hörpudisks, enda dregst sá umframaflí frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðíárs á eftir.]³⁾

□ Beita skal skerðingarákvæðum 1. mgr. áður en heimild 3. mgr. er nýtt. Heimild 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

□ ...⁴⁾ Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist að hluta með í aflamarki. □ Pá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með á lagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal á lagið vera allt að 20% á þorsk og ýsú en allt að 15% á aðrar tegundir.

¹⁾ L. 16/1996, 1. gr. ²⁾ L. 87/1994, 5. gr. ³⁾ L. 16/1996, 2. gr. ⁴⁾ L. 105/1996, 6. gr.

■ **11. gr.** Sé rekstri skips hætt, sbr.¹⁾ 5. gr., skal úthluta nýju eða nýkeyptu skipi í eigu sama aðila aflahlutdeild hins eldra skips, enda sé um sambærilegt skip að ræða. Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki skipsins í 12 mánuði talið frá upphafi næsta mánaðar eftir að skip fórst enda þótt nýtt eða nýkeypt skip hafi ekki komið í þess stað innan þess tíma.

□ Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnaðt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

□ Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeiri sveitarstjórn sem hlut að máli og sölouverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttar tilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.

□ Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélagini, kost að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

□ Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsoðn hafin innan sex mánaða frá því

að hann fékk vitneskju um sölnuna. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu upphoði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.

□ Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skips, enda leiði flutningur aflahlutdeilda ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Þó skal framsalið háð samþykki [Fiskistofu]²⁾ hafi það skip, sem flutt er til, ekki aflahlutdeild af þeirri tegund sem framseld er. Tafarlaust skal leita staðfestingar [Fiskistofu]²⁾ á að flutningur aflaheimildar sé innan heimilaðra marka. Öðlast slískur flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting [Fiskistofu]²⁾ liggar fyrir. Ekki er heimilt að framselja þann hluta aflahlutdeilda skips, sem rekja má til uppbóta samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða, fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistóku laga þessara, enda hafi skipi, sem framselt er af, verið haldið til veiða allt það tímabil.

¹⁾ L. 133/1997, 2. gr. ²⁾ L. 36/1992, 8. gr.

■ **12. gr.** Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð eftir því sem hlutadeigandi aðilar koma sér saman um enda hafi það skip, sem fært er til, aflahlutdeild af þeirri tegund sem millifærð er. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða að mati [Fiskistofu].¹⁾

□ Tilkynna skal [Fiskistofu]¹⁾ fyrir fram um flutning aflamarks milli skipa og öðlast hann ekki gildi fyrr en [stofan]¹⁾ hefur staðfest móttóku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli.

□ Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema með samþykki [Fiskistofu]¹⁾ og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannaflélags í viðkomandi verstöð.

□ ...²⁾

□ [Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögdum aflamarki sínú í þorskigildum talið tvö fiskveiðíári í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.]³⁾ Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs. [Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldid til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðíárinu [á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á].⁴⁾]⁵⁾ [Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðíárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðíárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeilda eða veiðileyfis samkvæmt þessari grein.]⁶⁾

¹⁾ L. 36/1992, 9. gr. ²⁾ L. 83/1995, 4. gr. ³⁾ L. 87/1994, 8. gr. ⁴⁾ L. 72/1997, 1. gr. ⁵⁾ L. 87/1994, 9. gr. ⁶⁾ L. 105/1996, 7. gr.

III. kafli. Framkvæmd og eftirlit.

■ **13. gr.** Ráðherra getur sett nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.¹⁾

¹⁾ Rg. 481/1990 og 499/1990. Augl. 68/1994. Rg. 58/1996, sbr. 172/1997; 414/1994, sbr. 452/1994; 492/1993, sbr. 482/1994; 612/1994, 618/1994 og 310/1995.

■ **14. gr.** Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, úthlutun aflahlutdeilda og aflamark samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

■ **15. gr.** Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hljóta veiðileyfi í atvinnuskyni skv. 5. gr., skulu halda sérstakar afladagbækur sem [Fiskistofa]¹⁾ leggur til. Skal með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra og skil til [Fiskistofu].¹⁾

□ Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflyttendum, flutningsaðilum, bönkum og lánastofnunum, er skyld að láta ráðuneytinu eða [Fiskistofu]¹⁾ ókeypis í té og í því formi, sem ráðherra ákveður, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru talðar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 36/1992, 10. gr.

■ **16. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ L. 57/1996, 31. gr.

■ **17. gr.** [Fiskistofa]¹⁾ annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu.

□ Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum skv. 8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 og eftirliti með reglum settum samkvæmt heimild í þeim lögum skulu þeir fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, enn fremur útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.²⁾

□ Eftirlitsmónum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusöllum fiskverkana og birgðageymslum.

□ [Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að settur skuli, á kostnað útgerða, sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskip.]³⁾

¹⁾ L. 36/1992, 12. gr. ²⁾ Erbr. 87/1995. ³⁾ L. 83/1995, 5. gr.

■ **18. gr.** Ráðherra skal með reglugerð ákveða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald¹⁾ — fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga þessara eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits . . .²⁾ og skal upphæð þess miðast við að það standi undir rekstri eftirlitsins . . .³⁾

□ Gjald vegna tilkynningar um aflamark skal miðast við áætlað verðmæti þess aflamarks sem úthluðað er. Skal ráðherra árlega áætla hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda í þessu skyni. Aldrei skal gjald samkvæmt þessari málsgrein vera hærra en [0,4%]³⁾ af áætluðu verðmæti þess afla sem aflamark skips heimilar veiðar á á komandi fiskveiðíári, vertið eða veiðítímabili. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark skal þó aldrei vera lægra en [2.000 kr.]³⁾ og er sú fjárhæð grunntala er miðast við byggingarvísítölum í janúar 1991 og breytist í hlutfalli við þær breytingar sem síðar kunna að verða á henni.

□ [Innheimta skal sérstakt gjald vegna afla báta er veiðar stunda með línu og handfærum með dagatakmörkunum skv. 1.–8. mgr. 6. gr. og vegna þess helnings afla sem ekki telst til aflamarks við línuveiðar yfir vetrarmánuðina skv. 6. mgr. 10. gr. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 2. mgr. og gilda ákvæði þeirrar málsgreinar um gjald þetta eftir því sem við getur átt. Gjald samkvæmt þessari málsgrein skal innheimta árlega samhlíða gjaldi vegna almenns veiðileyfis skv. 4. mgr. Skal gjaldið miðast við landaðan afla viðkomandi báts er veiðar standar skv. 1.–8. mgr. 6. gr. á 12 mánaða tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðíárs og þann hluta línuafla hvers skips sem ekki taldist til aflamarks á næstliðnum vetri skv. 6.

mgr. 10. gr. miðað við skráningu aflans í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.]⁴⁾

□ Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni og veiðileyfa, sem veitt verða á grundvelli 2. mgr. 4. gr., skal greiða [10.000 kr.]³⁾ Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið er nemur hlutfallslegri hækjun er kann að verða á vísítölu byggingarkostnaðar, sbr. 1. nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísítölum í desember 1989, þ.e. 157,9 stig.

□ Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslauft fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð.

□ [Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeilda milli skipa skal útgerð þess skips sem flutt er frá greiða 1.500 kr.

□ Gjald skv. [6. mgr.]⁵⁾ er grunngjald er miðast við byggingarvísítölum í janúar 1994 og breytist í hlutfalli við þær breytingar er á henni kunna að verða.]⁶⁾

¹⁾ Rg. 438/1996. Rg. 418/1997. ²⁾ L. 87/1994, 11. gr. ³⁾ L. 1/1992, 5. gr. ⁴⁾ L. 144/1995, 12. gr., sbr. 59. gr. s.l. ⁵⁾ L. 144/1995, 13. gr. ⁶⁾ L. 87/1994, 12. gr.

IV. kafli. Viðurlög o.fl.

■ **19. gr.** [Fiskistofa skal svípta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir brot á lögum þessum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.]¹⁾

¹⁾ L. 57/1996, 26. gr.

■ **20. gr.** [Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

□ Við fyrsta brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 800.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

□ Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.]¹⁾

¹⁾ L. 57/1996, 27. gr.

■ **[20. gr. a.]** Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 20. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

□ Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.]¹⁾

¹⁾ L. 57/1996, 28. gr.

■ **[20. gr. b.]** Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra málá.]¹⁾

¹⁾ L. 57/1996, 29. gr.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **21. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ L. 79/1997, 21. gr.

■ **22. gr. . . .**

■ **23. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991. . . .

Ákvæði til bráðabirgða. . . .

■ **[IX.]** Á tímabilinu 1. september 1994 til 31. desember 1995

skulu eftirfarandi takmarkanir gilda um framsal aflamarks til viðbótar þeim takmörkunum er um ræðir í 12. gr.

□ Þegar meira en 15% af aflamarki því af einhverri tegund, sem úthlutað er til skips í upphafi fiskveiðíárs, hefur verið flutt frá skipinu er óheimilt á sama fiskveiðíári að flytja aflamark af sömu tegund til skipsins. Á sama hátt er óheimilt að flytja aflamark frá skipi þegar meira en sem svarar 15% af upphaflegu aflamarki skipsins af viðkomandi tegund hefur verið flutt til skipsins á fiskveiðíárinu. Flutningur milli skipa í eigu sömu útgerðar og jöfn skipti seta ekki takmörkunum samkvæmt þessari málsgrein. Fiskistofu er heimilt að veita undanþágu frá banni við flutningi aflamarks frá skipi ef alvarlegar bilanir verða þess valdandi að veiðiheimildir þess nýtast ekki.

□ Aldrei er heimilt að flytja aflamark milli skipa leiði slíkur flutningar til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.]¹⁾

¹⁾ L. 87/1994, brbákv.

■ [X. Á fiskveiðíárunum 1995/1996 til og með 1998/1999 skal árlega ráðstafa 5.000 lestum af þorski til jöfnunar samkvæmt þessu ákvæði. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeilda, sbr. 3. mgr. 7. gr.

□ Aflaheimildum skv. 1. mgr. skal árlega úthlutað til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks frá fiskveiðíárinu 1991/1992 til þess fiskveiðíárs er úthlutunin varðar. Skal úthlutunin framkvæmd eftir að ákvörðun hefur verið tekin um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. og miðast við að skerðing umfram tiltekin mörk skuli að fullu bætt, þó þannig að ekkert skip fái meira en 10 lestrir af þorski, miðað við slægðan fisk, í sinn hlut árlega. Skip, sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um bord, sbr. lög nr. 54/1992, skulu ekki njóta bóta samkvæmt þessu ákvæði.

□ Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um úthlutun samkvæmt þessari grein. Skal hann m.a. kveða á um við hvaða tíma skuli miða aflahlutdeild. Pá er ráðherra heimilt að ákeða að liðið skuli í heild á veiðiheimildir skipa í eigu sömu útgerðar varðandi bótaútreikning ef ástæða er til að ætla að reynt verði að hafa áhrif á bótaútreikning með millifærslu aflahlutdeilda milli skipa.

□ Á fiskveiðíárinu 1994/1995 skal úthluta sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar skv. 6. mgr. 10. gr. sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar. Skal þessum aflaheimildum úthlutað í samræmi við reglur 2. og 3. mgr. þessa ákvæðis eftir því sem við á og skal í þeim efnunum miða við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995.

□ Við ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. á því tímabili sem um getur í 1. mgr. þessa ákvæðis er heimilt að taka mið af breytingum í aflamarki sem orðið hafa á lengra tímabili en milli fiskveiðíára.]¹⁾

¹⁾ L. 83/1995, brbákv. I.

■ [XI. . .]²⁾

¹⁾ L. 144/1997, 2. gr. ²⁾ L. 83/1995, brbákv. II.

■ [XII. Sjávarútvegsráðherra skal tafarlaust láta fara fram könnun á þeim kostum sem fyrir hendí eru til fjareftirlits með sjálfvirkum búnaði með fiskiskipum. Skal að því stefnt að kerfi er hafi virkt eftirlit með nýtingu sóknardaga báta sem krókaveiðar stunda verði komið á fyrir 1. febrúar 1996. Takist það ekki skal ráðherra með reglugerð kveða á um til-

kynningarskyldu og eftirlit með þessum veiðum með öðrum hætti sem hann telur fullnægjandi.]¹⁾

¹⁾ L. 83/1995, brbákv. III.

■ [XIII. Þrátt fyrir ákvæði 4. málsl. 3. mgr. 18. gr. skal við innheimtu gjaldsins í fyrsta sinn 1. september 1996 miða gjaldið við landaðan afla viðkomandi krókabáts á sex mánaða tímabili frá 1. febrúar til 31. júlí 1996 og þann helming afla sem ekki telst til aflamarks við línuveiðar við afla landaðan í janúar og febrúar 1996 miðað við skráningu aflans í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.]¹⁾

¹⁾ L. 144/1995, 14. gr.

■ [XIV. Heimild til að framselja þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta, með því skilyrði að allt hámarkið sé flutt af viðkomandi bát, veiðileyfi falli niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað, skal taka þegar gildi. Enn fremur skal heimild 2. mgr. 6. gr. a er varðar sjóstangaveiðimót þegar taka gildi.]¹⁾

¹⁾ L. 105/1996, brbákv. I.

■ [XV. Reikna skal sérstaka viðbótaflahlutdeild til handa skipum sem stundað hafa línuveiðar á fiskveiðíárunum 1993/1994, 1994/1995 og 1995/1996 í mánuðunum nóvember, desember, janúar og febrúar þar sem afla var aðeins að hálfu talinn til aflamarks skv. 6. mgr. 10. gr. Skal samanlögð viðbótaflahlutdeild þessara skipa vera jöfn hlutfallinu milli 30 af hundraði línufla þeirra á þessum þremur árum í framangreindum mánuðum af þorski og ýsu og úthlut-aðs heildaflamarks af sömu tegundum á sömu árum að viðbættum samanlögðum hálfum línufla í framangreindum mánuðum á sömu árum hins vegar. Skal aflahlutdeild allra skipa endurreiknuð að teknu tilliti til þessa.

□ Viðbótaflahlutdeild línukipa af hvorri tegund skv. 1. mgr. skal skiptast milli þeirra í hlutfalli við þann afla af tegundinni sem ekki taldist til aflamarks vegna reglna um línutvöföldun á tveimur bestu af framangreindum þremur fiskveiðíárum.]¹⁾

¹⁾ L. 105/1996, brbákv. II.

■ [XVI. Breytingar á skipum sem stunda veiðar með aflamarki og leyfi fengu til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. janúar 1986 skulu heimilar, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., hafi samningar þar um verið gerðir fyrir og skilað til Fiskistofu innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara. Breytingum skal já lokið í síðasta lagi innan 14 mánaða frá gildistöku laganna. Slíkar breytingar skulu ekki lagðar til grundvallar mati á stærð skips við endurnýjun skipsins síðar.]¹⁾

¹⁾ L. 133/1997, brbákv.

■ [XVII. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 6. gr. um tímamörk vegna vals á veiðikerfi skal krókabátum, sem stunda veiðar í tiltekin fjölda sóknardaga skv. 6.–10. mgr. 6. gr., heimilt að endurskoða val sitt. Eigandi krókabáts skal tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 1. febrúar 1998. Porskaflahámark þeirra báta sem þann kost velja og breytingar vegna endurvals á sameiginlegum hámarksþorskafla þeirra báta sem stunda veiðar með handfærum, eða handfærum og línu, skulu miðast við reiknað porskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995.

□ Á fiskveiðíárinu 1997/1998 skulu sóknardagar þeirra báta sem stunda veiðar með handfærum eingöngu, sbr. 9.–10. mgr. 6. gr., vera 40 en fjöldi sóknardaga þeirra báta sem stunda veiðar með handfærum og línu, sbr. 7.–8. mgr. 6. gr., vera 32.

□ Hafi bátur sem velur þorskaflahámark skv. 1. mgr. þegar nýtt hluta af sóknardögum fiskveiðíársins 1997/1998 fyrir 1. desember 1997 skal reikna hvaða hlutfall fimmitungur af

nýttum sóknardögum er af heildarfjölda leyfðra sóknardaga bátsins á fiskveiðíárinu 1997/1998 og skerða þorskaflahámark bátsins á fiskveiðíárinu 1997/1998 í sama hlutfalli. Hafi sóknardagar verið nýttir frá og með 1. desember 1997 skal reikna hvaða hlutfall þeir eru af heildarfjölda leyfðra sóknardaga bátsins á fiskveiðíárinu 1997/1998 og skerða þorskaflahámark bátsins á fiskveiðíárinu 1997/1998 í sama hlutfalli.]¹⁾

¹⁾ L. 144/1997, brbákv. I.

■ [XVIII. Úthluta skal varanlega, samkvæmt reglum í 2. og 3. mgr., 500 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, sem úthlutað hefur verið árlega af Byggðastofnun fiskveiðíárin 1995/1996 og 1996/1997, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 83/1995.

□ Til krókabáta á þorskaflahámarki skal úthluta 180 lestum,

miðað við óslægðan þorsk, til báta sem 1. september sl. voru gerðir út frá byggðarlögum sem Byggðastofnun úthlutaði til á síðasta fiskveiðíári. Úthlutað skal hlutfallslegri viðbót miðað við aflaheimildir 1. september 1997, þó þannig að enginн bátur fái meira en 8 lestir í sinn hlut miðað við óslægðan þorsk. Ekki skal bætt umfram þau mörk að þorskaflahámark með bóturnum verði 80 lestir miðað við 1. september 1997.

□ Til aflamarksbáta undir 10 brúttórúmlestum að stærð skal úthlutað 320 lestum, miðað við óslægðan þorsk, til báta sem lönduðu sem samsvarar 6 lestum eða meira í þorskígildum talið samtals á fiskveiðíárunum 1995/1996 og 1996/1997. Úthluta skal hlutfallslega miðað við úthlutaðar aflaheimildir, í þorskígildum 1. september 1997, þó þannig að enginn bátur fái meira en 1,5 lestir í sinn hlut miðað við slægðan þorsk.]¹⁾

¹⁾ L. 144/1997, brbákv. II.